

13. mars, 2011

Umsögn frá Svavar Kjarrval Lútherssýni um:

Tillaga til þingsályktunar - um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf.

139. löggjafarþing 2010–2011.

Þskj. 316 — 273. mál.

Til umfjöllunar í nefndinni er þingsályktunartillaga frá Árna Johnsen o.fl. sem hefur þann tilgang að veða á móti tillögum mannréttindaráðs Reykjavíkur sem flytjendur tillögunnar gagnrýna harkalega. Í gagnrýninni er sagt að kynning á kirkjulegu starfi eigi jafnmikinn rétt á sér og íþróttir. Líkt og íþróttafélögin er kynningin nokkuð einhliða; Eingöngu eru kynntir valmöguleikar þeirra sem stunda starfsemi sína í nánasta umhverfi. Nú er ég Hafnfirðingur og þar eru starfandi tvö íþróttafélög: Haukar og FH. Ekki datt skólanum í hug að bjóða öðrum íþróttafélögum að halda kynningu á starfsemi sinni þegar ég var í grunnskóla. Það er einmitt hættan ef trúfélög fá að halda kynningar. Þjóðkirkjan er þar ofarlega á blaði þar sem hún hefur svo mikinn stuðning frá ríkinu að hún getur viðhaldið starfsstöðvum í nágrenni allra íslenskra grunnskóla.

Flutningsmenn nefna einnig að fólk geti valið trúarbrögð til að ástunda. Ekki fer mikið fyrir trúnni ef hana má einfaldlega velja með því að benda á lista. Trú sem er einfaldlega valin er gervitrú. Líkja mætti þetta við að ryksugusölumenn mættu haida kynningu í grunnskólum og þar myndu börnin velja hvaða tegund þau halda sig við í framtíðinni. Í umræðunni má heldur ekki gleyma að börnin þurfa einnig að vita að þau þurfa ekki að velja eitt né neitt (þ.e.a.s. trúleysi). Með því að leyfa trúfélögum að kynna sín trúarbrögð er hættan á að börnunum finnist að þau verði að velja á milli þeirra sem kynntu sig. Trúfrelsi snýst aðallega það að allir hafa rétt á að trúa á það sem þeir vilja og að trúa ekki.

Í greinargerð tillögunnar er augljóst að flytjendur tillögunnar meta biblíuna meira en önnur trúarrit og er þingsályktunartillagan greinilega sniðin með kristni í huga. Það væri þó gagnlegt ef nemendur myndu læra um það að Þorgeir ljósvefningagoði setti lög um töku kristni um árið 1000 til að forðast átök við kristið fólk og um umburðarlyndi mótmælenda þegar Jón Arason og tveir synir hans voru hálshögnir fyrir að vera kaþólskir biskupar á röngum tíma.

Þegar flytjendur tillögunnar nefna að kirkjan haf lýst yfir skilning á ólíku hlutverki skóla og kirkju eru þeir að meina þjóðkirkjuna eins og hún sé eina trúfélagið sem skiptir máli. Foreldrar geti dregið börn sín úr kynningum ef þeir kjósa það. Sumir skólar hafa þann háttinn á að kynna börnunum það sem á að gera og láta þau tilkynna foreldrunum það. Hvaða foreldri getur þá sagt barni sínu að það megi ekki taka þátt? Slíkar verklagsreglur verða þá að vera samræmdar milli skóla til að virða andlegt uppeldi barnanna.

Því er ekki mótmælt að trúarbragðafræðsla ætti að eiga sér stað en slíkar kynningar ættu að fara fram á fræðilegan hátt af fagaðilum. Seint kallast það fræðilegt hlutleysi ef trúfélögin sjálf ættu að sjá um kynningu á sjálfu sér. Því væri ekki vel tekið ef hver stjórnmalaflokkur ætti að kynna sína útgáfu af stjórnmalasögu Íslands og nemendum gefið tækifæri til að velja þá útgáfu sem þau halda að sé rétt. Gæta þarf þess mjög vel að öll helstu trúarbrögð og aðrar lífsskoðanir fái jafnmikinn tíma af hálfu skólans.

Mæli ég með því að þingsályktunartillagan verði **ekki samþykkt** af hálfu nefndarinnar.

Undirritað,
Svavar Kjarrval Lúthersson
Svavar Kjarrval Lúthersson